

Alþingi
b.t. Hildar Edwald
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 13. janúar 2020
Erindi 201912125/50.13 jbh

Efni: Umsögn Mosfellsbæjar um þingsályktun um samgönguáætlun fyrir 2020-2024

Í fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir ársins 2020-2024. Áætlunin er fyrsti hluti samgönguáætlunar fyrir árin 2020-2034, þar sem eru þrjú framkvæmdatímabil.

Í fyrirleggjandi tillögu að samgönguáætlun eru nánast engar framkvæmdir tilgreindar sem snerta Mosfellinga með einum eða öðrum hætti. Þannig er breikkun Vesturlandsvegur milli Skarhólabrautar og Langatanga, annars vegar, og Langatanga-Þverholts, hins vegar, sem augljóslega eru að færast inn á þetta tímabil ekki nefndar. Rétt er þó að geta þess að fjárveiting er til vegna fyrri hluta framkvæmdarinnar á árinu 2019 að fjárhæð 550 m.kr., sem þó aðeins dugar fyrir hluta framkvæmdarinnar. Þá eru framkvæmdir við Þingvallaveg ekki inni í áætlun fyrir tímabilið 2020-2024 en gert er ráð fyrir að framkvæmdir við hann verði inni á öðru tímabili eða árið 2025, sem auðvitað er fráleitt í ljósi þve hve brýnar ofangreindar framkvæmdir eru.

Þá er ekki minnst einu orði á kostnað við skilavegi í samgönguáætluninni, en sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa farið fram á að unnið verði ástandsmat fyrir umrædda vegi og þeim komið í viðunandi ástand áður en þeir eru afhentir til rekstrar til sveitarfélaganna. Alþingi getur ekki stutt og stöðugt verið að setja fjársvelt verkefni yfir á sveitarfélögin án þess að þeim fylgi einhverjar fjárveitingar.

Stígar og undirgöng eru venju samkvæmt inni undir safnlið áætlunar og því ekki hægt að sjá hvað er úthlutað til þeirra mála fyrr en Vegagerðin undirbýr samninga við þau sveitarfélög sem þeim þóknast að semja við, sem er mjög ógagnsæg og ófagleg stjórnsýsla.

Að lokum er vakin athygli á þeirri þversögn hjá ríkinu sem gerir kröfur til sveitarfélaganna um að bæta sig í umhverfismálum og að innleiða heimsmarkmiðin að ekki einni krónu er varið í hreinsun ofanvatns af þjóðvegum og lítið sem ekkert til hljóðvarna. Vegagerðin og ríkið bera ábyrgð á umferðarmestu umferðaræðum höfuðborgarinnar sem valda bæði mestri umhverfis- og hávaðamenguninni, íbúum til mikils ama.

Mosfellsbær þarf að fá eðlilegri skerf af úthlutuðu fjármagni Alþingis til þessa málaflokks en gefið í ofanefndri þingsáælyktunartillögu.

Virðingarfyllt,

Jóhanna Björg Hansen
framkvæmdastjóri umhverfissviðs